

# Umhverfis-, heilsu- og öryggisstefna

## Stefna

Almenna verkfræðistofan stefnir að því að skila góðum árangri og vera í fararbroddi fyrirtækja í svipaðri starfsemi á sviði umhverfis-, heilsu- og öryggismála.

- Við viljum þekkja umhverfisáhrif starfseminnar með það fyrir augum að lágmarka þau og fyrirbyggja umhverfisslys.
- Við viljum þekkja eðli starfa með það fyrir augum að fyrirbyggja slys á fólki og heilsutjón.

Almenna verkfræðistofan stefnir að því að ganga vel um auðlindir, nánast umhverfi og náttúru landsins og búa starfsmönnum heilnæman og öruggan vinnustað.


## Framtíðarsýn

Slysalaus rekstur í heilnæmu vinnuumhverfi er framtíðarsýnin. Allar lögbundnar reglur skulu uppfylltar og horft til þess að ganga lengra en gerð er krafa um af hálfu opinberra aðila. Gott orðspor og jákvæð ímynd hvað varðar umgengni Almennu við umhverfi sitt og allan aðbúnað starfsmanna er mikilvæg í rekstri Almennu.

## Markmið

Markmiðin beinast að því að skapa góða umgjörð utan um starfsemi Almennu og sýn til framtíðar m.t.t. umhverfis-, heilsu og öryggismála fyrirtækisins. Öll markmið eru útfærð í tímasettum aðgerðum (sjá gæðahandbók).

- Slysalaus starfsemi
- Virk þátttaka allra starfsmanna og frumkvæði stjórnenda við innleiðingu umbótaáðgerða á sviði umhverfismála og öryggishegðunar starfsmanna.
- Fjarvistir vegna veikinda og slysa verði undir meðaltali fyrir svipaða starfsemi.
- Vinnustaður sem styður við heilbrigða lífshætti og velferð starfsmanna.
- Vottuð starfsemi skv. ISO 9001 og ISO 14001, og í framtíðinni skv. OHSAS 18001.
- Umhverfismál í forgangi við úrlausnir ráðgjafarverkefna og við verkefnastjórnun.
- Góð nýting á orku og auðlindum.
- Tillit skal tekið til umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismála við alla ákvarðanatöku og samningagerð.
- Góð ímynd, jákvætt orðspor og samfélagsleg ábyrgð.



Helgi Valdimarsson - Framkvæmdastjóri